Í GANGI

Myndlist



Hafnarborg
Vættir - Jónína Guðnadóttir
„Fleiri vættir í einhvers konar fugls- og fiskslíki sjást í hnapp í verkinu Vættir, í Dreyrafoss virðist blóð renna í taumum og vindur sverfa yfirborð í Vernd. Form þessara verka hafa ævintýralega skírskotun og þau einkennast af næmri efnistilfinningu og hrjúfri áferð sem felur í sér sér frásögn í sjálfri sér: það er sem ytri öfl hafi rist í eða rifið upp jarðveg – en leirinn vísar óneitanlega til jarðar eða lands. Blái liturinn, sem brenndur hefur verið í yfirborð margra verkanna, er táknrænn fyrir Ísland.“

Anna Jóa

Hafnarborg
Guðný Guðmundsdóttir - Teikningar og skúlptúr
★★★☆☆



„Veröld Guðnýjar inniheldur einstaka óvæntar fígúrur og hluti, en byggist þó aðallega á mekanískum strúktúr sem líkist landakorti eða minniskorti. Hvort veröldin er að taka á sig form eða að liðast í sundur er ekki ljóst en arkitónískir leirskúlptúrar Guðnýjar gefa einnig samtímis tilfinningu fyrir ósnertum absúrd nýbyggingum og yfirgefnum merkingarhlöðnum rústum.“

Þóra Þórisdóttir

Kvikmyndir

Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Regnboginn, Borgarbíó
Night at the Museum 2
★★★☆☆



„Nú er það Kamunrah (Azaria), egypskur faraó með stórhættulegar áætlanir í kollinum, sem er fyrirferðarmestur safngripa. Hann nær því sjaldnast að vera virkilega kómískur, en það er enginn skortur á kúnstugum, sögufrægum persónum og fyrirbrigðum úr dýraríkinu og brellurnar eru stórfenglegar sem fyrr. Leiktjöldin og munirnir eru einnig í hæsta gæðaflokki en sama verður ekki sagt um samtölin. Night at the Museum er létt, notalegt og fjölskylduvænt mótvægi við hasarmyndir sumarsins en maður hefði gjarnan viljað hlæja meira og brosa minna.“

Sæbjörn Valdimarsson

Suðrænt vatnaskrúð

TÓNLIST
RÍKARÐUR Ö. PÁLSSON



HÁSKÓLABÍÓ | **Sinfóníutónleikar★★★★☆Verk eftir Dean, Respighi, Haydn*, Britten* og Elgar. Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzosópran*; Sinfóníuhljómsveit Íslands. Stjórnandi: Rumon Gamba. Fimmtudaginn 22. maí kl. 19:30.**

Þótt síðustu gulu sinfóníutónleikar 2008-9 væru helgaðir „suðrænum slóðum“ eins og yfirskrift og dagskrá báru með sér var ekki á tæpri miðlungsaðsóknninni að sjá að lokkandi tónumgjörð sólarlanda hefði laðað nándar nærri jafn marga og einleikstónleikar Víkings Heiðars fimm dögum fyrr. E.t.v. sakir þess hve flest atriði voru tiltölulega lítt kunn.

Engu að síður brá mörgu bráðfallegu fyrir eyru, jafnt að upplagi sem góðri túlkun. *Amphitheatre* [10'], konsertforleikur brezka víóluleikarans Bretts Deans frá 2000, innblásinn af blóðugri fornhliðstæðu nútíma knattspyrnuvalla, gerði að vísu mest út á púlslausa massaáferð, en var samt gizka áheyrilegur í vandaðri meðferð Rumons Gamba. Öllu frægara verk Ottorinis Respighis um Gosbrunna Rómaborgar (1916) úðaði síðan hlustendur suðrænum vatnaskrúða í frábærri sinfóníska túlkun svo varla varð betur gert, með ljúflegu einleiksframlagi stakra SÍ-lima á við m.a. Helgu Þórarinsdóttur á víólu.

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir sá um einsöngshlið *Arianna a Naxos* við seinna tilkominn strengjasveitarundirleik ónafngreinds útsetjara við frumgerð Haydns við píanóundirleik frá byltingarárinu 1789. Verkið hæfði tæplega dramatískri mezzorödd söngkonunnar, því agaður Vínarklassískur stíllinn kallaði greinilega á slétttónaðri raddbeitingu í líkingu við t.d. postulínsrödd Gundulu Janowitz. Samt tókst Guðrúnu víða furðuvel upp við að tjá hugarangur hinnar yfirgefnu ástmeyjar Þeseifs Mínotárusarbana, og í *Phaedru* eftir hlé skein hún og glansaði svo um munaði í meistaralegu óperustykki Benjamins Brittens frá 1975, til jafns við göldrótta hljómsveitarútfærslu brezka óperusnillingsins á síðasta ástarsambandi gríska fornkappans, þar



Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir „...í *Phaedru* skein hún og glansaði svo um munaði í meistaralegu óperustykki Benjamins Brittens frá 1975,“ segir Ríkarður Örn.

sem m.a. dulúðug klasahljómabeiting dýpri strengja og mögnuð nýting pákna og slagverks lifnaði rækilega við undir stjórn Rumons.

Síðast á dagskrá var *In the South* (1903) eftir lárviðartónskáld brezka heimsveldisins, Edward Elgar. Skv.

Verk Ottorinis Respighis um Gosbrunna Rómaborgar úðaði hlustendur suðrænum vatnaskrúða í frábærri sinfóníska túlkun

sífróðum tónleikaskrárritara hafði hvorki það né Phaedra (hvað þá verk Deans) verið flutt hér áður, og kannski varla að ófyrirsynju um ekki þekktara verk. Alltjent var það nýmæli á minni hlustunarskrá, og því ánægjulegra að uppgötva jafn glæsilega aukahlið á Elgar ef marka mátti hve SÍ dró mikla dýpt og frussandi skerpu fram úr tónsmíð er ku annars árangur misheppnaðrar innblástursferðar til Rívíerunnar í ausandi rigningu.

Ef slíkt er ekki rakið dæmi um fyrsta flokks „jákvæða blekkingu“ túlkenda, þá veit ég ekki hvað það er.

Arfleifð Hofmanns?

MYNDLIST
ANNA JÓA



LISTASAFN REYKJAVÍKUR | **KjarvalsstaðirFrá Unuhúsi til Áttunda strætis – Jane Freilicher, Hans Hofmann, Louisa Matthíasdóttir, Nell Blaine, Nína Tryggvadóttir, Robert De Niro eldriTil 30. ágúst 2009. Opið alla daga kl. 10-17. Aðgangur ókeypis. Sýningarstjóri: Hrafnhildur Schram.**

Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir málverkasýning þar sem sjá má verk eftir listamenn sem tengjast bæði Garðastræti í Reykjavík og 8. stræti í New York líkt og segir í yfirskriftinni: „Frá Unuhúsi til Áttunda strætis“. Flest verkin eru eftir Nínu Tryggvadóttur og Louisu Matthíasdóttur en einnig eru til sýnis verk eftir nokkra samnemendur þeirra í skóla Hans Hofmann á West 8th Street í New York, þau Jane Freilicher, Nell Blaine og Robert De Niro eldri (faðir leikarans), og svo eftir Hans Hofmann sjálfan. Sýningin bregður ljósi á skapandi tengsl Louisu og Nínu innbyrðis sem og við aðra listamenn, annars vegar í Unuhúsi á millistríðsárunum og svo í samhengi menningarhræringa í New York.

Það er sannarlega merkilegt að á þessum tíma hafi tvær djarfhuga ungar konur siglt vestur um haf til frekara náms eftir að hafa lokið námi frá listakademíunni í Kaupmannahöfn auk námsdvalar í París. Þetta



Landslag með vegi og akri eftir Robert De Niro „Áhersla Hofmanns á náttúrutengsl og á gildi litarins endurómar í verkum nemendanna,“ segir gagnrýnandinn Anna Jóa.

Þetta er fjölbreytt og skemmtileg sýning með fjölda góðra myndlistarverka

úrutengslin í verkum Nínu eru ótvíræð. Annað afstraktverk eftir Nínu frá 1958 hangir við hlið afstraktmyndar Jane Freilicher frá 1960. Verkin eru nokkuð lík í myndbyggingu og einkennast bæði af lausfljótandi formum, grábláum, okkurgulum og grænum litatónum. Málningin er þó borin þynnra á hjá þeirri síðarnefndu og það minnir á vissan hátt á verk New York-málarans Helen Frankenthaler (sem einnig var nemandi hjá Hofmann) og á ljóðræna mýkt í síðari verkum Nínu á borð við *Grýtt eyðimörk* (1966). Líkt og Nell Blaine, hvarf Freilicher þó síðar af braut hins óhlutbundna eins og verk frá seinni hluta ferilsins sýna glögglega.

Á sýningunni eru engin verk frá New York-árum Nínu Tryggvadóttur heldur frá því um og uppúr 1960; verk sem sýna að hún ein þessara nemenda þróaði áfram óhlutbundið myndmál – sem er athyglisvert í ljósi þess að dvöl hennar þar lauk snögglega 1949. Nína vakti töluverða athygli í New York en hvarf úr hringiðu borgarinnar skömmu áður en afstrakt-expressjónisminn komst í algleymi – en Hofmann tók virkan þátt í þeim hræringum. Þessi sýning varpar ljósi á að samnemendur Nínu við skóla Hofmanns fylgdu ekki þeirri þróun, þótt vissulega hafi þeir engu að síður öðlast viðurkenningu í myndlistarheiminum. Nína varð ekki hluti af þeim hópi sem Louisa, De Niro, Freilicher og Blaine mynduðu (raunar strax á 5. áratugnum) og tengdist ákveðnum galleríum og menningarhræringum, svo sem djasslífi borgarinnar, hópi sem enn er kenndur við arfleifð Hofmanns. Ætla mætti að í vali verkanna eftir Nínu sé fólgin ábending sýningarstjóra um að lýrískar afstraktmyndir hennar séu einnig ávöxtur þeirrar arfleifðar, þótt hún hafi horfið úr þessu samhengi.

Þetta er fjölbreytt og skemmtileg sýning með fjölda góðra myndlistarverka, auk þess sem hún veitir innsýn í mótandi áhrif staðarmenningar og tíðaranda á listamenn hverju sinni.

segir sitt um sterkan persónuleika og listrænan metnað, og báðar áttu þær farsælan listferil. Í Unuhúsi máluðu þær sjálfsmyndir (athygli vekur „töffaraleg“ sjálfsmynd Nínu, sem þó er óklárað) og margar frábærar portrettmyndir af öðrum merkum karakterum í menningarlífinu, og þessar myndir gefa tóninn. Myndirnar, máluðar á árunum 1939-42, eru sýndar í sérrými á rauðmáluðum veggjum og votta um áhrif frá móderníska hræringum; andlitin eru stíliseruð svo minnir á kúbisma og afríska grímur.

Í New York komust þær í örvandi og kraftmikið andrúmsloft eftirstríðsáranna í listalífi borgarinnar. Hofmann var þar lykilmaður: áhrifamikill „tengiliður Bandaríkjanna við róttækan evrópskan módernisma“ (sem Louisa og Nína þekktu svo sem fyrir), eins og segir í sýningarskrá, enda hafði hann búið í París og kynnst þar m.a. Picasso og Matisse. Það eru einmitt þessi tengsl – fremur en afstrakt-expressjónismi New York-skólans – sem skila sér í verkunum á sýningunni sem einkennast mörg hver af „hefðbundnum“ viðfangsefnum á borð við kyrralíf, landslags- og nektarmyndir í anda móderníska lit- og formtilrauna, og með óhlutbundnu ívafi.

Áhersla Hofmanns á náttúrutengsl og á gildi litarins endurómar í verkum nemendanna, eins og sjá má í verkum Louisu frá 8. áratugnum af kyrralífi og landslagi í Maine sem jafnframt eru góð dæmi um persónulegan, lit- og formhreinan stíl hennar. Fróðlegt er að sjá landslagsmyndirnar frá Maine sem ekki hafa verið áberandi hérlendis. Tvö verk eftir Louisu, frá námsárunum á 5. áratugnum, sýna hins vegar fremur áhrif frá eiginmanni hennar, Leland Bell (sem var ekki nemandi Hofmanns).

Hugurinn hvarflar til Matisse þegar horft er á verk Hofmanns, *Eilífð* (1951), auk þess sem líkindi eru með því og verki Nell Blaine af „önd“ frá 1943 hvað snertir línuteikningu, litameðferð og myndbyggingu. Staðsetning verka varpar oft á ljósi á tengsl þeirra á milli; t.d. í lausbeisluðum litaflötum og frjálslegri línumeðferð í verkum Hofmanns og De Niro. Óhlutbundið verk Hofmanns frá 1954 ásamt *Eilífð* í námunda við fallegt afstraktverk eftir Nínu frá 1961 gefur til kynna áhrif frá Hofmann í sköpun dýptar og hreyfingar í myndrýminu, auk þess sem nátt-

